Stjórnarfundur 24.3.15

Stjórnarfundur var haldinn í þetta sinn heima hjá Heiðu í Holtunum og þangað mættu Helgi, Katrín, Ottó, Bjartur og Þorsteinn. Heiða hafði bakað ljúffenga eplaböku sem allir nutu góðs af, nema Bjartur en hann mætti á vegum ljósvakans.

Dagskrá fundar.

1. BÍS - niðurstaða fundar með Klifurhúsinu
2. Banff - staðan á því
3. Telemark-festival - hvernig fór það?
4. Bratti (enginn fundur frá því síðast) - Slökkvilið (Katrín)
5. Andy Kirkpatrick og ísfestival 2016
6. Vefsíða - hvað hefur gerst síðan síðast?
7. Ársrit - staða mála
8. Ingi Kristján (Grafískur hönnuður)
9. Hvernig gengur að svara póstum (Ottó)
10. Fundur með Þingvallanefnd á fimmtudag
11. Önnur mál

1. Ekkert varð úr BÍS fundi ÍSALP með KH vegna þess að KH gat ekki mætt. Hist var og rætt hvað skyldi ræða við KH þegar verður úr fundinum. Það þarf t.d. að tækla framtíðarskipulag BÍS mótanna. Hafa mótin skipulögð vel fram í tíman til að auðvelda auglýsingar og skipulag. Það þarf að huga að nýjum dúkum KH en axir valda auðveldlega skemmdum í þeim. Við viljum fá föst kvöld í KH, helst tvö. BÍS nefndin ætlar að skipuleggja fund með KH eftir 3 vikur. Katrín Möller leggst í það mál.
2. Banff festival verður haldið 19. og 21. Mai. Í samráði við Háskólabíó. Helgi hitter Davíð í Háskólabíó á morgun og hitter Banff fólk via Skype á föstudaginn. Myndir hafa verið valdar en það á eftir að hafa samband við Fjalló og 66N og negla inn styrki, Bjartur gengur í það verk. Helgi ætlar að staðfesta að 66N megi hafa bás í Háskólabíó.
3. Telemark festivalið gekk ekki vel vegna slæms veðurs. Fáir mættu. Rætt var um hvort að ÍSALP vilja halda áfram með hátíðina og ákveðið að við viljum það enda er betra að hafa dagskrá en ekki. Ekki var tekið ákvörðun um framtíðina en við viljum endilega taka meiri þátt í skipulagningu.
4. Ekkert hefur verið fundað um Bratta og því engar fréttir í því máli. Enn er stefnt að því að ljúka flutningum og opna nýja Bratta um veturinn 2016. Þá var talað um að hafa Fjallaskíðahelgi í Bratta við opnun og þá einskonar opnunarhátíð.

Í sambandi við Fjallaskíði þá var rætt hvort ÍSALP vilji hafa skíða mót og skipuleggja það í samstarfi við ÍFLM og KR. Bjartur og Helgi ætla að heyra í Fjalló og Katrín í KR.

5. Það er stemmning fyrir því að hafa næsta festival aðeins meira batterí og Þorsteinn fékk go ahead að halda áfram umræðu við Andy Kirkpatrick. Þorsteinn skal bjóða honum allan ágóða úr masterclössunum meðan ÍSALP stendur undir kostnaði ferðalags, gistingu (hann verður hýstur hjá meðlimum), ÍSALP tekur hins vegar gróða úr fyrirlestrinum fyrir utan 50.000kr laun sem fara til fyrirlesara. Heiða og Katrín ætla að finna konu til að halda stelpu kliník og kannski fyrirlestur líka.
6. Jafet kom með tilboð til ÍSALP og býður tvennt. Annarsvegar að við kaupaum klifur.is eins og hún leggur sig eða að við fjárfestum í samstarfi við klifur.is og fáum hann í lið með okkur. Möguleiki tvö ber marga þætti þar sem hann útlistaði þær breytingar sem við vildum fá fram. Sjá tilboð í viðhengi.
   Ísalp vill fjárfesta í þessu samstarfi og ákveður að ganga að tilboði 2 með smávægilegum breytingum. Við viljum færa gróða úr auglýsingatekjum úr tilboði 2 í vefumsjónalaunin til þess að sporna gegn hugsanlegum vandræðum ef samskipti ÍSALP og klifur.is dofna. Við viljum taka aukapakkan sem bjargar gamla forumi ÍSALP og vefumsjón eftir að síðan fer í loftið. Ottó ætlar að gera samning fyrir verkefnið. Þorsteinn hefur samband við Jafet. Við ætlum að bjóða 200.000 í lok apríl og rest við lok verks.
7. Ársrit gengur fínt. Við erum áfram að pressa á rit frá fólki og höfum opnað folder sem tekur við innsendu efni á google drive forminu. Helgi ætlar að reyna að skipuleggja samtal milli Guðmunds Helga og Páls Sveins sem yrði klikkuð grein. Þorsteinn ætlar að staðfesta við Inga Kristján að ÍSALP ræður hann fyrir umbrot ársritsins, smá stílisiringeru á nýju heimasíðunni og skyssu að nýju logo'I fyrir 350.000kr
8. Sjá 7.
9. N/A
10. N/A
11. N/A

Næsti fundur settur Þriðjudaginn 7. Maí

Viðhengi:

Tilboð frá Jafet:

Ísalp vinnuskjal Header navigation ● Logo ● Ísalp ○ Um Ísalp ○ Ganga í Félagið ■ Paypal hlekkur ■ (Hafa það þannig að þeir sem borga þurfa að skrá sig svo á síðuna með sama email eða heimilisfangi? Til að einfalda það hver er meðlimur.) ○ Fundargerðir (kannski í PDF?) ○ Fyrrverandi Stjórnir ○ Benefits við félagið ■ (afslátta

listi, skálar osfrv.) ○ What's On ○ Skemmtanir, fundir osfrv ○ Skálar ■ möguleiki til að bóka skála. Er ekki nóg að hafa það í Forum eða email? ○ Contact US Just contact info, not contact form. Could be in footer ● Blog ○ Fréttir (Frá Ísalp) ○ Blogg ■ Tækjahornið ■ Gamlar greinar (Throw back thursday) ● Crags ○ Eins og á Klifur.is ○ Sjá hverjir hafa klifrað leiðina ■ Kúl feature sem væri gaman að bæta við á bæði Ísalp og Klifur.is. ○ Comment á leiðir byrtast á forsíðu ○ Map ○ Problem list ○ Add new route ● Problems ○ Eins og á Klifur.is ● Forum ○ Forum #Isalp Members only Ef forum pluginið sem verður valið styður lokaða þræði þá er þetta hægt.. Aðrir punktar ● Auglýsingar ● Bara recent post frontpage en undirflokkar í boði helst. ● Social media links ○ Geta verið í footer eins og á Klifur.is ● Slökkva á comments á sumum síðum ● Möguleiki á að þýða síðu (theme). Default verður á íslensku ● Setja inn User Roles, þannig að bara members komist inn á ákv. síður. ● Fela í backend bara frontend til að gera nýjar leiðir ○ Þarf að skoða betur ● En gamli forum??? ○ Gamli forum: Joomla, kunena ● Facebook commentakerfi? ○ Ekki viss hvort það sé endilega góð hugmynd að tengja comments við Facebook. En klárlega hægt að skoða. ● Ísalp logo / / / Klifur.is logo (víxlað eftir síðu) ○ Held að hafa tvö logo myndi rugla notendur. Kannski flott að hafa það bara í footer, neðst niðri til hægri? ● Kaupa öll gömlu ársritin, paypal ○ Ég myndi halda að þessi feature yrði ekki mikið notaður og það kannski borgar sig fyrir ykkur að sleppa honum og selja þetta bara 'manually'. Kannski hægt að bæta við seinna. Forsíða ● Allir nýjustu póstar í réttri tímaröð (eins og á Klifur.is). ● Nýjasta efni úr Forum verður byrt við hlið póstanna. ● Öll nýjustu comment, á frétt, bloggpósti eða klifurleið, vera byrt fyrir neðan forum póstanna. Útskýring á litum: Grænn: Eiginleiki til staðar í núverandi theme. Gulur: Krefst breytinga eða nýs eiginleika í síðu. Töluðverð vinna. Rauður: Feature sem er ekki tekið tillit til í þessu tilboði. Möguleiki að semja um seinna. Athugasemd frá Jafet Tilboð Tilboð 1 ● Klifur.is theme Innifalið er allur kóði sem heldur Klifur.is gangandi, upplýsingar um gagnagrunns breytingar sem voru gerðar og aðrar upplýsingar sem getur þurft til að koma ykkur af stað. Verð: 200.000 kr. Tilboð 2 ● Klifur.is theme ● Uppsetning á themei ● Breytingar sem þarf að gera á gagnagrunni ● Allir grænir punktar ○ Logo ○ Basic útlistsbreytingar, t.d. litir. ○ Uppsetning á grunn navigation í header og footer ○ Augýsingarpláss ○ Uppsetning á klifursvæðum síðu ○ Uppsetning á klifurleiðum síðu ● Allir gulir punktar ○ Forum ○ Nýjustu forum póstar á forsíðu ○ Nýjustu comment á forsíðu ○ User roles ○ Möguleiki á að þýða theme (fyrir navigation, takka...) Viðmið: ● Öll grunn vinna og grænir punktar verða tilbúnir í lok apríl. ● Gulir punktar verða tilbúnir í lok júlí. Allar viðbætur verða settar inn jafnóðum. Fyrsta útgáfa af síðunni gæti jafnvel verið tilbúin innan þriggja vikna þannig að hægt væri að byrja henda inn contenti. Klifur.is hefur leyfi til að nota kóða sem er unninn fyrir Ísalp. Verð: 500.000 kr. Helming af auglýsingatekjum* *Auglýsingar á Ísalp.is verða um leið seldar fyrir Klifur.is. Auglýsingarnar geta þar af leiðandi verið seldar dýrari. Allar tekjur Klifur.is af auglýsingatekjum munu fara í uppbyggingu Klifur.is (t.d. upplýsingaöflun og fatamerkingar) og aðra uppbyggingu klifursamfélagsins (t.d. leiðarvísar og uppbygging klifursvæða). Tilboð 2 - Aukapakki ● Viðhald ○ Halda Wordpress í nýjustu útgáfu ○ Uppfæra plugins sem eru notuð ○ Laga kóða ef eitthvað brotnar. ○ Laga bugga sem koma upp. ○ (Uppfærslur eru besta vörnin gegn hökkurum) ● Aðstoð ○ Við notkun Wordpress ○ Við notkun plugins ○ Vinnu við server Verð: 75.000 kr./árið Tilboð 2 - Einstaka features verðlisti Eftirfarandi eru atriði merkt rauð í vinnuskjali. Ganga í Félagið + Kaupa öll gömlu ársritin, paypal Verð: 90.000 kr. Ég mæli með að finna aðra lausn á þessu. T.d. er hægt að bæta við upplýsingum inn í pósta þar sem við á hvar er hægt að kaupa ársritin. Til að gerast meðlimur væri kannski nóg að hafa inni email sem maður myndi senda á og fengi þá til baka reikningsnúmer. Þegar greiðsla hefur borist er hægt að breyta user role hjá notandanum. Sjá hverjir hafa klifrað leiðina Verð: 50.000 kr. Setja inn efni úr gamla forum inn á nýja forum (ef hægt) Verð: 40.000 kr. Auka: Leið til að deila póstum á Facebook Verð: 20.000 kr.